

Fundargerð

Fundur í stjórn Foreldrafélags Leikskóla Seltjarnarness

3. nóvember, 2011 kl: 17:00

Mættir eru:

Soffía Guðmundsdóttir (leikskólastjóri),
Stephanie Smith (Mýri og Bakka),
Harpa Frímannsdóttir (Skáli),
Stefanía Árnadóttir Bjarman (Mýri),
Kristín Björk Eiríksdóttir (Nes),
Guðrún Vala Davíðsdóttir (Nes),
Magnhildur Magnúsdóttir (Grund),
Margrét Aðalheiður Hauksdóttir (Oddi),
Guðrún Magnúsdóttir (Skáli),
Sigrún Guðmundsdóttir (Ás).
Fjarverandi Edda Herdís Guðmundsdóttir

Kosning stjórnar

Formaður: Harpa Frímannsdóttir

Gjaldkeri: Stephanie Smith

Ritari: Magnhildur Magnúsdóttir

Fundartími

Fyrsti fimmtudagur í mánuði kl: 17 í húsnæði Mánabrekku

Jólagjafir

Ákveðið að Harpa tali við Bryndísi Loftsdóttir hvort hún geti útvegað bækur í gjöf eins og undanfarin ár. Tvær tegundir af bókum fyrir hvort hús (eftir aldri). Stefnt á að hittast þegar bækurnar tilbúnar og pakka þeim inn í dagblöð.

Gjaldið

Var ákveðið á aðalfundi og verður það sama og síðast liðið ár. 5000 fyrir eitt barn 3.500 fyrir annað barn og ekkert ef eru fleiri börn. Stephanie undirbýr að senda út tilkynningu um greiðslu í foreldrafélagið.

Leikrit

Ákveðið var að bjóða uppá jólaleikrit í desember. Soffía athugar með leikritið Gryla og jólasveinarnir.

Jólasveinar

Foreldrafélagið borgar fyrir jólasveina sem koma á jólaballið og ætlar Soffía að hafa samband þá jólasveina sem voru í fyrra (og mörg undanfarin ár).

SOS barnið

SOS barnið er stelpa að nafni Djaye sem býr á barnaheimili í SOS-barnahorpinu Benín í Afríku og heldur foreldrafélagið áfram að styrkja hana.

Fundi slitið 18.10